



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands Haldinn í Þórunnartúni 1, mánudaginn 15. október 2018, kl. 17:00-18:30.

(Fundur nr. 2. frá Hellu)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Laufey Hannesdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Þuríður Yngvadóttir, Margrét Grétarsdóttir, Kristinn H. Þorsteinsson, (um Skype: Sigrún Stefánsdóttir og Páll Ingbór Kristinsson), Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem ritaði fundargerð).

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykktar (með leiðréttingum) fundargerðir frá 13.8. (í Húsatóftum) og 2.9. (á Hellu).

2. Frekari verkaskipting stjórnar - skipað í nefndir o.fl.

Lagt fram „yfirlit yfir starfandi nefndir og verkefni á vegum Skógræktarfélags Íslands eða samstarfsverkefni í tengslum við félagið“. Undirbúningsnefnd fyrir 90 ára afmæli: Tillaga um að Mosfellsbær haldi afmælisfundinn 2020. Hafa þarf samband við formann og stjórn Sk.f. Mosf. og kanna undirtektir.

3. Ályktanir- afgreiðsla

1. Skógargötur 2018-2028 (frá Sk.f. Borgfirðinga). Send á samgönguráðherra. JG hefur rætt við samgönguráðherra um málið. Til þess að af geti orðið, þarf lagabreytingu sem ráðherra kveðst tilbúinn að íhuga.
2. Skógminjasafn Íslands (frá Sk.f. Borgf.). Send á menntamálaráðherra.
3. Græni stígurinn (frá Sk.f. Garðabæjar). Sent hefur verið bréf á öll sveitarfélögin og SSH. Bæjarstjórar sveitarfélaganna eru búnir að segja já við hugmyndina, þó ólíklegt sé að þetta komist í fjárhagsáætlun næsta árs. Rétt er að halda málinu áfram vakandi, því ýmsar lausnir er til á fjármögnun.

4. Aðalfundur Úlfjótswatns s.f.

Fundur stjórnar Úlfjótswatns s.f. var haldinn 2. okt. s.l. Allir voru afar sammála og samstíga.

5. Samkomulag Skáta og SÍ um Úlfjótswatn

Var kynnt á fyrri fundi, með þeirri breytingu að nú er aðeins einn eigandi að Skátamiðstöðinni (Skátasamband Reykjavíkur er ekki lengur einn eigenda). Laufey mun taka að sér að lesa 25 fylgiskjöl sem varða samninginn f.h. stjórnar SÍ. Ákvörðun um samþykki til að veita formanni SÍ (JG) fullt umboð til þess að ganga frá samningnum fyrir hönd SÍ frestað til næsta stjórnarfundar.

6. Undirbúningsnefnd fyrir 90 ára afmæli SÍ

En f.h. stjórnar SÍ er lagt til að Þuríður Yngvadóttir, Kristinn H. Þorsteinsson og Jens B. Baldursson skipi undirbúningsnefndina, ásamt starfsmönnum og heimamönnum. Þá mætti kanna hvort fýsilegt væri að leita að nefndarmönnum út fyrir raðir stjórnarmanna SÍ.

7. Önnur mál

KHÞ:

1. Kjartan Ólafsson bar upp tillögu á síðasta aðalfundi um að ýmis innri mál félaganna yrðu rædd við upphaf fundar. Réttara væri að slík mál séu rædd á fulltrúafundum SÍ. Leggur til að fulltrúafundirnir verði endurvaktir og haldnir ár hvert í t.d. aprílmánuði.

2. Aðalfundur SÍ 2019, haldinn í Kópavogi í lok ágúst mánaðar.

JG:

Bréf frá Bókaútgáfunni Hólar um að gefa út sögu Skógræktarfélagshreyfingarinnar. Verðugt verkefni fyrir 100 ára afmælið, árið 2030.

Fundað var með skógræktarstjóra og landgræðslustjóra. Endurnýjaður var samningur um landgræðsluskóga, þó með 1,5% niðurskurði („hagræðingarkrafa“).